



ÚRSKURÐARNEFND  
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA  
2018

**ÁRSSKÝRSLA**  
2018

## **Úrskurðarnefnd velferðarmála**

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is [www.urvel.is](http://www.urvel.is)

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet

*Ársskýrsla úrskurðarnefndarinnar er prentuð á umhverfisvottaðan pappír*

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp formanns .....</b>	<b>6</b>
<b>Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála.....</b>	<b>8</b>
<b>Fjöldi mála 2018 .....</b>	<b>9</b>
<b>Málaflokkar .....</b>	<b>10</b>
a)  Almannatryggingar .....	10
b)  Félagsþjónusta og húsnæðismál .....	12
c)  Fæðingar- og foreldraorlof .....	14
d)  Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir .....	15
e)  Barnavernd.....	16
f)  Greiðsluaðlögun.....	16
<b>Málsmeðferðartími.....</b>	<b>17</b>
<b>Ýmsar upplýsingar.....</b>	<b>18</b>
a)  Fjármál.....	18
b)  Umboðsmaður Alþingis.....	18
c)  Fróðleiksmoli.....	19
d)  Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar .....	19
1. Afgreiðsla heildarfjölda mála .....	19
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum.....	20

## Ávarp formanns

Í lok ársins 2018 voru liðin þrjú ár frá því að sex úrskurðar- og kærunefndir voru sameinaðar í eina nefnd, það er úrskurðarnefnd velferðarmála. Það má því segja að komin sé nokkur reynsla á starfseminu og rétt að skoða hvernig til hefur tekist.

Ákvörðun um sameiningu úrskurðar- og kærunefnda, sem starfað höfðu á málefnasviði velferðarráðuneytisins, var tekin með það í huga að breytinga væri þörf á starfseminni og horft var til þess að réttur til endurskoðunar stjórnvaldsákvörðunar yrði í höndum sjálfstæðrar og óháðrar úrskurðarnefndar, en ekki starfsmanna ráðuneytisins. Þannig yrði komið á skýrri aðgreiningu á milli starfsemi nefndarinnar og starfsemi ráðuneytisins.

Við sameiningu nefndanna var gerð breyting á skipun nefndarmanna frá því sem áður var. Fjórir af tólf nefndarmönnum eru nú fastir starfsmenn úrskurðarnefndarinnar. Samkvæmt athugasemdum við frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála var talið að þannig væri betur hægt að tryggja að nefndarmenn og starfsmenn gætu annað störfum sínum.

Frá stofnun úrskurðarnefndarinnar var lögð áhersla á að samræma verklagsreglur sem voru jafn margar og misjafnar eins og fjöldi þeirra nefnda sem ákveðið var að sameina. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að skýra verkferla og skapa svigrúm til að deila verkefnum á milli starfsmanna til að jafna álag á nefndarmenn og starfsmenn vegna breytilegs fjölda kærumála á mismunandi sviðum, meðal annars með það að markmiði að hagræða og stytta málsmeðferðartímann. Til fróðleiks má geta þess að árið 2016 var málsmeðferðartíminn að meðaltali 6,8 mánuðir, árið 2017 var málsmeðferðartíminn að meðaltali 5,2 mánuðir og árið 2018 var málsmeðferðartíminn að meðaltali 3,3 mánuðir.

Með góðu skipulagi, skýrum verklagsreglum og svigrúmi til að færa málaflokka á milli starfsmanna, sem hefur verið nýtt til hins ýtrasta, hefur markmiði sameiningarinnar um að stytta málsmeðferðartímann náðst, sem þýðir styttri biðtíma eftir niðurstöðu máls, kærendum til hagsbóta. Aukin rafræn samskipti hafa einnig orðið til þess að stytta málsmeðferðartímann þar sem hraðinn á sendingu gagna á milli úrskurðarnefndarinnar, stofnana og kærenda hefur orðið meiri á þann hátt.

Frá því að úrskurðarnefnd velferðarmála tók til starfa hefur þeim málum fjölgað sem heimilt er að kæra til úrskurðarnefndarinnar, sjá 24. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, sjá einnig málefni varðandi notendastýrða persónulega aðstoð, sbr. lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í framangreindum ákvæðum er að finna kæruehimildir til þess að kæra stjórnvaldsákvörðun til úrskurðarnefndarinnar í ákveðnum tilvikum.

Úrskurðarnefndin leggur mikla áherslu á að málshraðinn sé sem stystur án þess að það komi niður á vandaðri málsmeðferð. Markmiðið er að kærandi fái niðurstöðu í sínu máli eins fljótt og unnt er. Með skýrum verkferlum og tækifærum sem nýtt eru í rafrænum samskiptum hefur það tekist. Þegar horft er til þess árangurs sem náðst hefur á síðustu þremur árum mun úrskurðarnefndin halda áfram á sömu braut sem hefur reynst mjög vel til þessa.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

# Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum, sbr. 2. málsl. 1. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

## **Nefndina skipa**

Skipaðir í fullt starf:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Kári Gunndórsson lögfræðingur

Lára Áslaug Sverrisdóttir lögfræðingur

Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur

Arnar Kristinsson lögfræðingur

Eggert Óskarsson lögfræðingur

Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur

Guðfinna Eydal sálfræðingur

Jón Baldursson læknir

Sigríður Ingvarsdóttir lögfræðingur

Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:

Arnar Kormákur Friðriksson lögfræðingur

Ásgerður Ragnarsdóttir lögfræðingur

Ásmundur Helgason lögfræðingur

Björn Jóhannesson lögfræðingur

Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur

Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur


Sigurður Thorlacius læknir

Sóley Ragnarsdóttir lögfræðingur

## Fjöldi mála 2018

Á þriðja starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 454 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:

Kærur - málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	334
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	39
Barnavernd	17
Félagsþjónusta og húsnæðismál	39
Fæðingar- og foreldraorlof	12
Greiðsluaðlögun	9
Óflokkuð mál*	4
Samtals:	454



\* Framsend erindi





# Málaflokkar

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða, er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.


## a) Almennatryggingar

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga.




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


Lög um almannatryggingar  
nr. 100/2007\*




Lög um sjúkratryggingar  
nr. 112/2008




Lög um félagslega aðstoð  
nr. 99/2007\*



Lög um sjúklingatryggingu  
nr. 111/2000\*



Lög um slysatryggingar  
almannatrygginga nr. 45/2015\*




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


## b) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Íbúðalánasjóðs, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kæránlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir Íbúðalánasjóðs og sveitarfélaga sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar stjórnvaldsákvarðanir um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, nú lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.


Félagsþjónusta og húsnæðismál:  
Skipting mála



Félagsþjónusta og húsnæðismál:  
Niðurstöður mála




Lög um félagsþjónustu  
sveitarfélaga nr. 40/1991




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Lög um málefni fatlaðs fólks  
nr. 59/1992




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

Lög um húsnæðismál  
nr. 44/1998



■ Staðfest ■ Felld úr gildi


Lög um húsnæðisbætur  
nr. 75/2016




■ Staðfest ■ Felld úr gildi

### c) Fæðingar- og foreldraorlof


Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærarlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.




Fæðingar- og foreldraorlofsmál:  
Niðurstöður mála



Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000




Lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna nr. 22/2006



#### d) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærarlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.


Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:  
Niðurstöður úrskurða



\* Ekki fallist á endurupptöku máls.


### e) Barnavernd

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hægt að kæra margvíslegar ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.



### f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tiltekna ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.




# Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2018 var að meðaltali 3,35 mánuðir. Árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2018 í mánuðum





# Ýmsar upplýsingar

## a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar hlýtur markmiðið alltaf að vera það að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi. Gjaldheimild úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2018 var 188.737.889 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins nam alls 174.428.848 krónum. Rekstrarafgangur ársins var því 14.309.041 krónur.

## b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2018 bárust nefndinni 11 mál frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í umræddum málum. Í lok árs var þremur þessara mála ólokið. Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals sex mál, þrjú mál vörðuðu félagsþjónustu og húsnæðismál, eitt mál varðaði fæðingarorlof og eitt mál varðaði atvinnuleysistryggingar.

Fjórum málum lauk án aðgerða eftir gagnaöflun, fjórum málum lauk með ábendingum umboðsmanns til úrskurðarnefndarinnar, tvö mál voru tekin upp í kjölfar ábendinga og álits umboðsmann.

Sjö málum sem borist höfðu árið 2017 lauk á árinu 2018. Þau vörðuðu öll almannatryggingar og lauk afgreiðslu þeirra á eftirfarandi hátt: Þremur lauk án frekari aðgerða, einu máli lauk án aðgerða en með ábendingu til ráðherra, þremur málum lauk með ábendingum umboðsmanns til úrskurðarnefndarinnar og tók úrskurðarnefndin upp tvö mál í kjölfar ábendinga og álits umboðsmanns.

Málaflokkar	Fjöldi
Almannatryggingar	6
Atvinnuleysis og vinnumarkaðsaðgerðir	1
Barnavernd	0
Félagsþjónusta og húsnæðismál	3
Fæðingar- og foreldraorlof	1
Greiðsluaðlögun	0
<b>Samtals</b>	<b>11</b>
Afgreiðsla mála árið 2018	Fjöldi
Máli lokið án aðgerða	4

Málum lauk eftir ábendingar umboðsmanns	4
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	2
<b>Afgreiðsla mála sem bárust árið 2017</b>	<b>Fjöldi</b>
Máli lokið án frekari aðgerða	3
Máli lauk án aðgerða en með ábendingu til ráðherra	1
Máli lauk með ábendingu umboðsmanns til nefndarinnar	3
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	2


### c) Fróðleiksmoli

Árið 2018 var heimasíða úrskurðarnefndar velferðarmála gerð opinber á slóðinni [urvel.is](http://urvel.is). Á síðunni má finna upplýsingar um þá málaflokka sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar svo og upplýsingar um kærueheimildir, kærufresti, málsmeðferðartíma og fleira. Einnig er þar að finna kærueyðublöð og leiðbeiningar um það hvernig standa skuli að kæru. Úrskurðir sem birtir hafa verið eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni. Heimasíðan gegnir mikilvægu hlutverki í nútímapjóðfélagi þar sem hægt er að finna upplýsingar á skjótan hátt um úrskurðarnefnd velferðarmála. Frá opnun heimasíðunnar í febrúar 2018 til áramóta 2018/2019 bárust síðunni 4077 heimsóknir eða rúmlega 400 heimsóknir á mánuði.

### d) Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar

#### 1. Afgreiðsla heildarfjölda mála

Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 492 mál á árinu 2018 með eftirfarandi hætti.



## 2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:

